



## Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 7/2018.  
Dagsetning og tími: 4. júlí 2018, kl. 12.  
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.  
Mættir: Allir mættir.  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs.

### Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 31. maí 2018.
2. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 24. apríl 2018 – fylgiskjöl bókahalds (málsnr. 1804109) (var á dagskrá grisjunarráðs 31. maí 2018).
3. Grisjunarbeiðni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns dags. 29. maí 2018 – skrár á Skemman.is (málsnr. 1805094).
4. Grisjunarbeiðni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns dags. 29. maí 2018 – ókláruð verk á Skemman.is (málsnr. 1805095).
5. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – færslulistar úr aðalbókhaldi (málsnr. 1805110).
6. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – reikningsyfirlit (málsnr. 1805111).
7. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar skuldabréfa (málsnr. 1805112).
8. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar sparisjóða (málsnr. 1805114).
9. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – Visa tölvulistar og yfirlit vegna Visa (málsnr. 1805115).
10. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar víxla og innheimtuvíxla (málsnr. 1805116).
11. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 1. júní 2018 – tölvupóstum sem borist hafa í tölvupósthólflið skra@skra.is og snerta ekki málsmeðferð og lögbundin verkefni (málsnr. 1806002).
12. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 7. júní 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1806038).
13. Grisjunarbeiðni Tryggingastofnunar ríkisins dags. 14. júní 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1806021).



14. Grisjunarbeiðni Kvennaskólans í Reykjavík dags. 22. júní 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1806097).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

**1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 31. maí 2018.**

Fundargerð grisjunarráðs frá 31. maí 2018 samþykkt og undirrituð.

**2. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 24. apríl 2018 – fylgiskjöl bókahalds (málsnr. 1804109) (var á dagskrá grisjunarráðs 31. maí 2018).**

Beiðnin var samþykkt. Seðlabanka Íslands er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem ná yfir tímabilið 2010 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn. Ákveðið var að heimila aðeins grisjun á fylgiskjölum bókhalds fyrir árið 2010 en í Þjóðskjalasafni er unnið er að reglum um eyðingu á fylgiskjölum bókhalds afhendingarskyldra aðila og mun eyðing slíkra gagna taka mið af þeim í framtíðinni.

**3. Grisjunarbeiðni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns dags. 29. maí 2018 – skrár á Skemman.is (málsnr. 1805094).**

Beiðnin var samþykkt. Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að eyða umbeðnum skrár í gagnakerfinu Skemman.is sem tengjast lokaverkefnum, s.s. hugbúnaði, afritum af vefsíðum o.fl. sem myndast hafa á tímabilinu 2007-2017 og er ekki hægt að yfirfæra í gangsníð vörsluútgáfu skv. reglum. Eyða má gögnunum þegar hagnýtu gildi er lokið og eiga gögnin að vera aðgengileg í gagnakerfinu Skemman.is eins lengi og þurfa þykir. Forsenda ákvörðunarinnar er að gögnin hafa litla þýðingu til lengri tíma. Ekki er gerð krafa um varðveislu sýnishorna.

**4. Grisjunarbeiðni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns dags. 29. maí 2018 – ókláruð verk á Skemman.is (málsnr. 1805095).**

Beiðnin var samþykkt. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur heimild til að eyða umbeðnum ókláruðum verkum í gagnakerfinu Skemman.is sem myndast hafa á tímabilinu 2007-2018, þegar gögnin eru orðin árs gömul. Forsenda ákvörðunarinnar er að um ókláruð verk er að ræða. Ekki er gerð krafa um varðveislu sýnishorna.

**5. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – færslulistar úr aðalbókhaldi (málsnr. 1805110).**

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað.



**6. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – reikningsyfirlit (málsnr. 1805111).**

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað.

**7. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar skuldabréfa (málsnr. 1805112).**

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað.

**8. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar sparisjóða (málsnr. 1805114).**

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað.

**9. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – Visa tölvulistar og yfirlit vegna Visa (málsnr. 1805115).**

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað.

**10. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar víxla og innheimtuvíxla (málsnr. 1805116).**

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað.

**11. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 1. júní 2018 – tölvupóstum sem borist hafa í tölvupósthólfid skra@skra.is og snerta ekki málsmeðferð og lögbundin verkefni (málsnr. 1806002).**

Beiðnin var samþykkt. Þjóðskrá Íslands er heimilt að eyða umbeðnum tölvupóstum sem borist hafa í tölvupósthólfid skra@skra.is og snerta ekki málsmeðferð og lögbundin verkefni sem myndast hafa á tímabilinu 2011–2018, þegar hagnýtu gildi er lokið. Ekki er gerð krafa um varðveislu sýnishorna. Forsenda ákvörðunarinnar er að gögnin snerta ekki málsmeðferð og lögbundin verkefni Þjóðskrár.

**12. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 7. júní 2018 - fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1806038).**

Beiðnin var samþykkt. Sjúkrahúsinu á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sem ná yfir tímabilið 2010 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.



**13. Grisjunarbeiðni Tryggingastofnunar ríkisins dags. 14. júní 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1806021).**

Beiðnin var samþykkt. Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1999–2010 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

**14. Grisjunarbeiðni Kvennaskólans í Reykjavík dags. 22. júní 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1806097).**

Beiðnin var samþykkt. Kvennaskólanum í Reykjavík er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1961–2008 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

Fundi slitið kl. 13:55.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)